

Póst- og fjarskiptastofnun
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík


Reykjavík, 15. nóvember 2016

Efni: Samráð um drög að skilmálum uppboðs

I. Inngangur

Vísað til samráðs Póst- og fjarskiptastofnunar um drög að skilmálum uppboðs á tíðniréttindum á 700 MHz, 2100 MHz og 2600 MHz tíðnisviðunum.

Fjarskipti hf. (Vodafone) er sem fyrr þeirrar skoðunar að ótímabært og óþarft sé að úthluta tíðnum á 700 Mhz bandinu. Þetta ræðst af þeirri einföldu staðreynd, að enn er verulegur hluti 800 Mhz bandsins ónýttur. Þannig hefur Vodafone heimild fyrir 2x10 MHz á 800 MHz bandinu, sbr. tíðniheimild frá 3. apríl 2013. Var úthlutunin gerð í lok framkvæmdar uppboðs, sem haldið var á vegum Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) og þar sem Fjarskipti hf. áttu hæsta boð í tíðniheimildir D og E. Þá er Nova ehf. með 2x5 á 800 Mhz bandinu, sem einnig var úthlutað í kjölfar uppboðs, og um er að ræða tíðniheimild C. 365 miðlar ehf. (365) fengu hins vegar úthlutað tíðniheimildum A og B.



Póst- og fjarskiptastofnun hefur það hlutverk með höndum að úthluta tíðnum. Stofnunin skal ýta undir hagnýta notkun þeirra og viðhafa skilvirka stjórn á

¹ Óskað er trúnaðar um það sem er innan hornklofa

notkun þessara takmörkuðu gæða, sbr. c. -lið 3. tl. 3. gr. laga, nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Með vísan til þessa fær Vodafone með engu móti séð hvaða knýjandi þörf er á úthlutun á tíðnum á 700 Mhz bandinu, eins og á stendur.

Í þessu sambandi skal bent á, að innan Evrópu hafa einungis tvær þjóðir (Þýskaland og Frakkland) þegar úthlutað tíðnum á 700 MHz bandinu, en þrjár aðrar (Bretland, Svíþjóð og Finnland) hafa verið með slíkt í undirbúningi.² Reyndar hefur Svíþjóð nú hætt við útboðið skv. nýjustu fréttum.

Fæst ekki séð á hvaða grundvelli Ísland ætti að vera í fararbroddi við að úthluta tíðnum á þessu tíðnibandi. Þannig var til að mynda ákveðið í ráðherraráði ESB í maí sl. að aðildarríki skyldu taka tíðnibandið frá fyrir „wireless broadband“ þjónustu í síðasta lagi 2022. Nýverið hefur Evrópuþingið einnig tekið sömu afstöðu, þ.e. að fresta frá 2020 til 2022 að taka tíðnibandið undir þessi not, en jafnframt að viðbótar tveggja ára bið gæti átt sér stað ef málefnalegar ástæður eru fyrir því. Einnig var ákveðið að tíðnir fyrir neðan 700 MHz skyldu teknar frá fyrir sjónvarpsdreifingu fram til ársins 2030. Nú standa yfir viðræður milli ráðherraráðsins og Evrópuþingsins og er þess vænst að drög að formlegri ákvörðun liggi fyrir undir lok árs 2016.

Vodafone telur það ekki hagnýta eða skilvirka nýtingu á takmörkuðum gæðum að úthluta tíðnum á 700 Mhz bandinu meðan tíðnir eru ekki nýttar á 800 MHz bandinu. Vodafone telur einnig að á næstu árum muni ný tækni, sbr. 5G sem og þörf fyrir tíðnibönd fyrir IoT, ryðja sér til rúms, og því mikilvægt að tíðniböndum, sérstaklega á lágum tíðniböndum, sé ekki úthlutað, áður en nokkuð skýr myndist um þörf á tíðniböndum vegna þessara nýju tækni. Eðlilegt væri að fylgjast með þróun mála í Evrópu á þessu tíðnibandi í einhvern tíma, enda engin knýjandi þörf á að taka 700 MHz tíðnibandið í notkun.

Það er því sem fyrr *krafa Vodafone* að ekki fari fram úthlutun á 700 Mhz bandinu, fyrr en 800 Mhz bandið verði fullnýtt.

Hér að neðan fara engu að síður athugasemdir félagsins, kjósi PFS að halda áfram uppboðsferlinu, þrátt fyrir óvissu um nýtingu 800 MHz bandsins.

II. Athugasemdir við samráðsskjalið

1. Fjárhagsleg skilyrði fyrir þáttöku

² Heimild: Cullen

Vodafone gerir ekki athugasemd við skilyrði um sundurliðaða fjárfestingaráætlun og eigið fé. Hins vegar er gerð athugasemd við skilyrði um bankaábyrgð, sem tryggingu fyrir sektum. Bankaábyrgðir skapa einungis óþarfa kostnað og eru alls óþarfar, í það minnsta fyrir stærri fyrirtæki, sem hafa heilbrigðan og traustan efnahagsreikning. PFS gæti t.d. farið þá leið að áskilja sér rétt til að óska eftir bankaábyrgð til hugsanlegra bjóðenda, meti PFS sem svo að rétt sé að gera það.

2. Uppboðsandlagið

2.1 Tíðniheimildir á 700 MHz bandinu

Á 700 MHz tíðnisviðinu er ætlunin að boðnar verði upp þrjár tíðniheimildir, A, B og C sem fela í sér heimild til nýtingar á 2x10 MHz á 700 MHz tíðnisviðinu fyrir háhraða farnetsþjónustu. Vodafone gerir athugasemdir við þessa uppskiptingu og telur að það myndi leiða til hagkvæmari og skilvirkari nýtingu á þessum tíðnum er um væri að ræða fleiri tíðniheimildir. Sú leið var til að mynda farin í Þýskalandi að boðnar voru upp sex 2X5 MHz tíðniheimildir. Í Frakklandi var einnig um frekari uppskiptingu að ræða en ætlunin er hér á landi. Þar var um að ræða tvær 2X5 MHz tíðniheimildir og tvær 2X10 MHz heimildir. Í Svíþjóð, þar sem uppboð var í undirbúningi, en hefur nú verið blásið af, var ætlunin að það yrðu fjórar 2X5 MHz heimildir boðnar út og ein 2X10 MHz. Ekki liggur fyrir hvernig verður staðið að uppboðinu í Bretlandi og Finnlandi. Skv. framansögðu hefur engin þjóð farið þá leið sem ætlunin er að fara hér á landi. Með vísan til þessara erlendu fordæma telur Vodafone eðlilegra að boðnar verði upp sex 2X5 MHz tíðniheimildir á 700 MHz bandinu, sbr. fordæmið frá Þýskalandi.

2.2 Útbreiðslu og uppbyggingarkröfur

Almennt séð telur Vodafone rétt að útbreiðslu og uppbyggingarkröfur verði ekki of íþyngjandi. Reynsla af tíðniheimildum með of ríkar útbreiðslukröfur, sbr. A heimildin á 800 MHz tíðnibandinu er ekki góð.

Samkvæmt samráðsskjalinu skal tíðnirétthafi, að einni eða fleiri tíðniheimildum A-C, skuldbinda sig til að bjóða upp háhraða farnetsþjónustu til allra lögheimila og vinnustaða, sem fengið hafa ljósleiðaratenginu í sveitarfélögum þar sem byggt hefur verið upp staðbundið net ljósleiðaraheimtauga í átaki ríkis og sveitarfélaga um ljósleiðaravæðingu landsins á árunum 2016-2020, eigi síðar en 18 mánuðum frá því að slíkt ljósleiðaranet eru tekin til notkunar í viðkomandi sveitarfélagi.

Samkvæmt 6. mgr. 11. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003, getur ráðherra einn ákveðið að hvort réttindi skuli bundin skilyrðum sem þjóna eigi samfélagslegum markmiðum, t.d. að ákveðin þjónusta skuli boðin á tilteknu útbreiðslusvæði. Ekki kemur fram í samráðsskjalinu hvort slíkt hafi verið tiltekið í ákvörðun ráðherra

um að uppboðið skyldi fara fram. Er því óskað eftir afriti af umræddri ákvörðun ráðherra.

Þess utan telur Vodafone skilyrðið um sértækar kröfur um uppbyggingu háhraðanets í stjálbýli í andstöðu við ákvæði fjarskiptalaga og 1. gr. reglugerðar um skipulag og úthlutun tíðna í fjarskiptum nr. 1047/2011, um að skipulag tíðna skuli vera gagnsætt og úthlutun þeirra byggjast á jafnræðissjónarmiðum. Í uppboðsskilmálum skal tilgreina nákvæmlega alla skilmála varðandi uppboðið sjálft, sbr. 6. mgr. 11. gr. fjarskiptalaga.

Hinar sértæku kröfur um uppbyggingu í stjálbýli uppfylla ekki þennan áskilnað um gagnsæa og nákvæma uppboðsskilmála. Þannig er bjóðanda ómögulegt að áætla kostnað við tilboðsgerðina, enda liggur ekki nema að takmörkuðu fyrir hvaða sveitarfélög munu byggja upp staðbundið net ljósleiðaraheimtauga í átaki ríkis og sveitarfélaga um ljósleiðarvæðingu landsins á árunum 2016-2020, né heldur umfang uppbyggingar í einstökum sveitarfélögum. Hér er því um afar ógagnsætt skilyrði að ræða, sem líkja má við óútfylltan tékka sem lendir á hlutaðeigandi tíðnirétthafa.

Hvað varðar þau sveitarfélög sem þegar hafa verið ljósleiðaravædd fyrir útgáfu tíðniheimildanna og búa ekki við háhraða farnetsþjónustu er ætlunin að draga um úthlutun á uppbyggingarkröfum við lok árs 2016 sem skal vera lokið fyrir 1. júlí 2017. Augljóst er að sex mánuðir er of skammur tímarammi, auk þess sem útdráttarfyrikomulag skortir allan fyrisjáanleika og þar með gagnsæi.

Framkvæmdin á hinum sértæku uppbyggingarkröfum verður að öðru leyti afar ógagnsæ og nánast háð geðþótta, sbr. það sem orðrétt segir í samráðsskjalinu:

Framkvæmdin verður með þeim hætti að PFS tekur við tilkynningum sveitarfélaga um uppbyggingu og starfrækslu á staðbundnu ljósleiðaraneti. PFS greinir stöðu útbreiðslu á háhraða farnetsþjónustu í viðkomandi sveitarfélagi og ákveður hvort skilyrði fyrir uppbyggingu séu fyrir hendi og til hversu margra lögheimila og vinnustaða hún skuli ná. Tekinn er saman listi yfir þau sveitarfélög sem uppfylla skilyrðin og útbúinn svo kallaður staðarlisti fyrir hvert og eitt þeirra.

Við lok hvers árs úthlutar PFS uppbyggingarkröfum til tíðnirétthafanna sem skal lokið fyrir 1. júlí næsta árs. Leitast verður við, eftir því sem kostur er, að skipta skuldbindingum um

útbreiðslu í jafna hluta með tilliti til uppbyggingar- og rekstrarkostnaðar, auk þess sem gætt verður hagkvæmni og hagræðis við landfræðilega skiptingu útbreiðsluskuldbindinganna. Með þessu verða til þrír pakkar af uppbyggingarkröfum. Tíðnirétthafar draga síðan um hvaða pakka

Útbreiðsluskuldbindinga þeir fá í sinn hlut. Tíðnirétthöfum verður heimilt að skiptast á útbreiðsluskuldbindingum eða sameinast um að hrinda þeim í framkvæmd.

Þessi lýsing ber ekki með sér fyrirsjáanleika eða gagnsæi. Skv. framansögðu er umrætt skilyrði um sértækar kröfur um uppbyggingu háhraðanets í andstöðu við lög og reglugerð. Af þessum sökum telur Vodafone rétt að fella það brott úr fyrirhuguðum uppboðsskilmálum.

2.2 Tíðniheimildir á 2100 MHz tíðnisviðinu

Engar sérstakar athugasemdir varðandi 2100 MHz tíðnisviðið

2.3 Tíðniheimildir á 2600 MHz tíðnisviðinu

Með sömu tilvísun til hagkvæmni og í 700MHz tíðnibandinu, telur Vodafone eðlilegt að tíðnibönd á 2600 MHz bandinu séu boðin út í 5 MHz hólfum. Engin ástæða er til að afmarka uppboðið við 2*10 og 2*20 MHz. Einfaldast er að bjóða tíðniheimildirnar út í 2*5MHz hólfum þá geta fjarskiptafyrirtækin hámarkað hagkvæmni nýtingu.

Fordæmi eru fyrir þessu í öðrum löndum, sbr. Grikkland, Pólland o.fl.

Vodafone óskar eftir því að geta nýtt 2600 MHz tíðnir sem fyrirtækið gæti unnið í útboðinu, fyrir tímabundna MMDS sjónvarpsþjónustu áfram, svo lengi sem hún hefur ekki truflandi áhrif á aðra farsímaþjónustu.

Með því gæti Vodafone áfram sinnt stórum hópi heimila með lykilsjónvarpsrásir landsins þar til að önnur sjónvarpsþjónusta getur að fullu komið í staðinn. Vodafone vísar þar til fyrri röksemda um umfang áhorfs yfir MMDS tíðnibandið í samráðum vegna 2600MHz bandsins.

Virðingarfyllst,
f.h. Fjarskipta hf.



Kjartan Briem
Framkvæmdastjóri tæknisviðs

